


✉ Re: Beiðni um umsögn vegna tillögu að friðlýsingu verndarsvæðis norðan Dyrfjalla og náttúruvættisins Stórirurðar

Búið til	10.2.2021 14:52:27
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	10.2.2021 14:52:26
Tilheyrir	 202010-0025 - Beiðni um umsögn um tillögu að friðlýsingu verndarsvæðis norðan Dyrfjalla og náttúruvættisins Stórirurðar

Efni

Re: Beiðni um umsögn vegna tillögu að friðlýsingu verndarsvæðis norðan Dyrfjalla og náttúruvættisins Stórirurðar

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	10.2.2021 14:52:26	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	ust@ust.is, hildurv@umhverfisstofnun.is

Innihald

Tilvísun í mál: 202010-0025

Tillaga að friðlýsingu verndarsvæðis norðan Dyrfjalla og náttúruvættisins Stórirurðar

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 13. október sl., þar sem kynnt eru áform um friðlýsingu verndarsvæðis norðan Dyrfjalla og náttúruvættisins Stórirurðar og óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillöguna.

Náttúrufræðistofnun Íslands biðst velvirðingar á því hve svör hafa dregist og þakkar framlengdan frest til að skila umsögn. Stofnunin fagnar áformum um verndarsvæði norðan Dyrfjalla og að Stórirurð verði friðlýst sem náttúruvætti en vill jafnframt koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri varðandi auglýsinguna:

Varðandi 1. gr.

1. *[Friðlýsta svæðið er hluti af Dyrfjallaeldstöðinni og er staðsett ofan á þykkum basalhraunum. Innan svæðisins er að finna elstu hraun sem fundist hafa á Austfjörðum, um 13,5 milljón ára. Í hömrnunum milli Stapavíkur og Selvogsnes er einnig að finna líparít bergganga. Stóruð, sem er innan svæðisins, er gömul skriða sem féll ofan í Urðardal sem einkennist af stórum björgum og stórgrýti. Innan um stórgrýtið eru litlar tjarnir og sléttir grasbalar. Stórgrýtið er úr móbergi sem á uppruna sinn í megineldstöðinni í Dyrfjöllum. Úr Stóruð er mikilfenglegt útsýni, meðal annars á dyrnar í Dyrfjöllum sem er stórbrotin sjón.]*

Innan svæðisins er önnur eldstöð, Njarðvíkureldstöðin, sem þyrfti að fá pláss í textanum. Sjá eftirfarandi upplýsingar um jarðfræði svæðisins:

Svæðið sem áformað er að friðlýsa er jarðfræðilega merkilegt, þar sem innan þess er hluti af þyrpingu eldstöðva sem teljast meðal þeirra elstu á Austfjörðunum. Eldstöðvarnar voru virkar á míósentímabilinu frá c.a. 13.5 til 12 milljónum árum og mynduðu mikið magn af líparíti og gjósku. Ekki er vitað hvort að eldstöðvarnar tengjast stærri öskju, en sumar þeirra hafa sína eigin öskju eins og Dyrfjallaeldsstöðin. Svæðið hýsir tvær eldsstöðvar, **Njarðvíkureldstöðina** sem er með gíg í Grjótfjalli, og **Dyrfjallaeldstöðina** sem er með öskjugíg í Dyrfjöllum. Í Dyrfjöllum má sjá þykkt móbergslag sem myndaðist við gos undir vatni og afmarkar útlínur öskjunnar. Njarðvíkureldstöðin er aðeins eldri en Dyrfjallaeldstöðin en í báðum varð sprengigos með tilheyrandi flikrubergrmyndun á svipuðum tíma, nálægt lokum líftíma þessara eldstöðva. Í flikrubergrinu finnast steinrunnar gróðurleifar og í Grjótfjalli finnast stærstu baggalútar sem vitað er um á Íslandi. Jökla ísaldar rufu eldsstöðvarnar og mynduðu skálar og firði. Leifar þessara jökla má finna í skálum Dyrfjalla. Dyrnar eru taldar hafa myndast í berghlaupi/grjóthruni þar sem hraun- og móbergsbjörg hrundu yfir jökulinn og voru síðan borin með honum langa leið. Urðir báðum megin við dyrnar bera ummerki þess, svo sem hin fræga Stóruð vestan megin við dyrnar.

Heimildir:

Ritgerð Lúðvíks Gústafssonar um jarð- og bergfræði Dyrfjalla.

Yfirlitsgrein Steffis Burchards et al, í vinnslu

Birgir V. Óskarsson. Jarðfræðikort af Norðausturlandi. Í vinnslu hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

2. *[Nokkrar vistgerðir eru á svæðinu sem hafa hátt verndargildi og flokkast sem forgangsvistgerðir. Á sléttunni vestan Selfljóts er að finna runnamýravist og starungsmýravist auk gulstararfloávistar. Þá eru í hlíðum Ósfjalla og suður af þeim kjarrskógavist og lyngskógavist, báðar forgangsvistgerðir með hátt verndargildi. Þá eru auk þess að finna ferskvatnsvistgerðina kransþörungavötn og fjöruvistgerðina hrúðurkarlafjörur sem hafa hátt verndargildi og en þær eru á lista Bernarsamningsins. Þar eru einnig leirulón sem er sjaldgæf vistgerð á svæðinu.]*

Skilja mætti textann þannig að kransþörungavötn og hrúðurkarlafjörur hafi hátt verndargildi hér á landi. Samkvæmt frummati hefur vistgerðin kransþörungavötn miðlungs verndargildi og hrúðurkarlafjörur hafa lágt verndargildi. Vistgerðirnar eru þó báðar á lista Bernarsamningsins. Við leggjum til ofangreinda breytingu til að fyrirbyggja misskilning.

3. *[Ýmsan sérstakan gróður er að finna á svæðinu, til að mynda mosann dökklepp sem er sjaldgæf tegund, fléttuna geislabíkar sem skráð er á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands (1996) og æðplöntutegundirnar lyngbúa, súrsmæru og línarfa sem allar eru friðaðar og skráðar á válista sem tegundir í nokkurri hættu.]*

Auk ofangreindrar tillögu til breytinga vill Náttúrufræðistofnun benda á sumar þessara æðplöntutegunda má finna í enn meira mæli í Njarðvík sunnan marka friðlýsta svæðisins. Full ástæða væri til þess að útvíkka verndarsvæðið þannig að fundarstaðir sjaldgæfra plantna í Njarðvík, s.s. lyngbúa (*Ajuga pyramidalis*), sífjarsóley (*Ranunculus islandicus*), skógfjólu (*Viola riviniana*) og eggviblöðku (*Neottia ovata*), fengju notið aukinnar verndar. Þetta væri í fullu samræmi við náttúruverndaráætlun 2004-2008 þar sem svæðið Njarðvík-Loðmundarfjörður var samþykkt á áætlun vegna plantna, gróðurfars og jarðminja (<https://www.althingi.is/altext/130/s/0716.html>)).

4. *[Hluti friðlýsta svæðisins er innan svæðis sem skilgreint hefur verið sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði en talið er að hátt í 40 tegundir fugla verpi þar.]*

Náttúrufræðistofnun leggur til eftirfarandi breytingar:

Talið er að um 40 fuglategundir verpi á friðlýsta svæðinu, þar á meðal tegundir á válista. Svæðið nær að hluta yfir láglandi Úthéraðs sem skilgreint hefur verið sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði. Þá eru fýlabyggðirnar í fjöllum utan við Unaós (7.000 pör) nálægt þeim mörkum að teljast alþjóðlega mikilvægar.

Stofnunin vill jafnframt ítreka að Njarðvík er að stórum hluta í eigu Fuglaverndarfélagssins og mætti huga að því að fella það að hinu friðlýsta svæði. Svæðið sem fyrirhugað er að friðlýsa er bæði fábreyttara og smærra en svæðið Njarðvík – Loðmundarfjörður og kemur því ekki í staðinn fyrir það að mati Náttúrufræðistofnunar.

5. *[Á svæðinu út af Unaósi eru tvö selalátur þar sem fjöldi sela hefur farið vaxandi.]*

Í desember 2020 lagði Náttúrufræðistofnun til að selalátur í Héraðsflóa færu á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár sem hluti af tillögusvæðinu Úthéraði, sem árið 2018 var lagt til að færi á framkvæmdaáætlun til verndar fuglum og vistgerðum. Stækkun tillögusvæðisins Úthéraðs tekur m.a. til selaláttra í Svertlingum sem og Ósflesi, ílögum skerjum norðan við Gripdeild. Nánari upplýsingar um tillögusvæðið Úthérað með viðbótum um selalátur má finna á vef Náttúrufræðistofnunar: <https://www.ni.is/greinar/au-utherad> (<https://www.ni.is/greinar/au-utherad>).

Samkvæmt korti sem fylgir auglýsingu um verndarsvæðið nær afmörkun þess vestur fyrir Gripdeild að Kögri. Náttúrufræðistofnun leggur til að leitast verði við að færa mörk svæðisins í sjó fram norðan Gripdeildar og utan um Ósfles. Með því mætti styrkja vernd landsela í látrum á Austfjörðum sem liður í að bæta verndarstöðu tegundarinnar sem fækkað hefur mikið á landsvísu undanfarið.

6. *[Svæðið er afar fjölbreytt með tilliti til nýtingar en helst ber að nefna búskap og ferðamennsku.]*

Nú er svæðið afar strjálbýlt og það er vandséð hver hin fjölbreytta nýting er sem tiltekin er fyrir svæðið. Að mati stofnunarinnar ætti að sleppa tilvísun í fjölbreytni og heldur að nefna beint þá þætti landnýtingar sem stundaðir eru á svæðinu.

Varðandi 2. gr. um markmið friðlýsingar

[Markmið friðlýsingarinnar er að vernda og varðveita sérstæðar jarðmyndanir og landslag sem er sérstætt á landsvísu vegna fagurfræðilegs gildis, sbr. 3. gr. og 50. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þá er jafnframt markmið friðlýsingarinnar að standa vörð um líffræðilega fjölbreytni svæðisins með verndun vistkerfa og stýringu umferðar um svæðið. Friðlýsingin skal stuðla að því að nýting svæðisins fari fram með þeim hætti að ekki sé gengið á gæði landsins.]

Með vernduninni skal tryggt að jarðminjum, landslagsheild, lífríki og ásýnd svæðisins verði ekki spillt og einkenni þess og sérkenni varðveitt þar sem svæðið er sérstætt á landsvísu og skipar mikilvægan sess í vitund þjóðar.]

Náttúrufræðistofnun veltir því upp hvort ekki ætti að hafa vísindalegt gildi inni í markmiði friðlýsingarinnar.

Varðandi 14. gr. umferð um verndarsvæðið

[Umferð hjólandi er heimil á skilgreindum leiðum og vegum. Nánar skal fjallað um umferð hjólandi í stjórnunar- og verndaráætlun.]

Hér er óvíst hvort átt við allar skilgreindar leiðir og vegi, eða leiðir og vegi sem skilgreindar eru sem hjólaleiðir.

Stór hluti svæðisins er hálendur og snjóþungur og dý og mýrablettir víða. Vegna þessa er það viðkvæmt fyrir átroðningi og þarf að gæta vel að umferðarstýringu eigi að koma í veg fyrir gróðurskemmdir. Hjól geta valdið töluverðum skemmdum, einkum í djújum og mýrum og að mati stofnunarinnar ætti að skilgreina

hjólástíga á svæðinu sérstaklega.

Bestu kveðjur,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is>)

From: "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Beiðni um umsögn vegna tillögu að friðlýsingu verndarsvæðis norðan Dyrfjalla og náttúruvættisins Stóruurðar

Date: 14.10.2020 13:51:11

UST202002-346/Ý.G.
09.03

Góðan dag,

Í viðhengi er bréf frá Umhverfisstofnun. Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Bestu kveðjur, Best regards

Ýr Gísladóttir

Sérhæfður ritari, Secretary

Svið þjónustu og fjármála - Department of Service and Finance

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)